

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um reynslu af einkavæðingu orkuveitna og orsakir rafmagnsleysis.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér sérstaklega reynsluna af markaðs- og einkavæðingu orkuveitna erlendis, svo sem í Kaliforníu, á austurströnd Bandaríkjanna, í Bretlandi, á Nýja-Sjálandi og á hinum Norðurlöndunum, með tilliti til verðþróunar, afhendingaröryggis og annarra helstu þátta?
2. Hyggst ráðherra láta afla upplýsinga um orsakir rafmagnsleysis og tíðra og alvarlegra bilana sem orðið hafa að undanfögnu á einkavæddum orkumörkuðum, bæði austan hafs og vestan, og síðan meta hvaða lærdóm megi draga af því sem þar hefur gerst?